

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010, frístundabyggð við Hornbrekkubót.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010, frá 25. nóvember 1991.

Breytingin felst í því að um 4 ha svæði sem afmarkast af Bylgjubyggð í norðri, Ólafsfjarðarvegi eystri í austri og íbúðarbyggð í vestri og Ólafsfjarðarvatni í suðri, sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota, tjaldsvæði U5, verslun/skrifstofur og hluti íbúðarsvæðis, breytist í svæði fyrir frístundabyggð.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ólafsfjarðarbæjar, nú bæjarstjórnar Fjallabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. febrúar 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.